

Nd.

219. Frumvarp til laga

[103. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Hver sóknarmaður karl eða kona, sem telst til þjóðkirkjunnar og er lögráða, hefur kosningarrétt á safnaðarfundi og er kjörgengur til sóknarnefndar.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð sé ekki framar skilyrði kosningarréttar á safnaðarfundi eða kjörgengis í sóknarnefnd. Sjónarmið þau, sem liggja til grundvallar frv. þessu, eru reifuð í greinargerð fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, og þykir mega vísa þangað.

Ef frv. þetta nær samþykki, er afleiðing þess sú, að óflekkað mannorð er ekki framar skilyrði kosningarréttar við prestskosningar, með því að 1. gr. l. 32/1915, um veitingu prestakalla, tengir kosningarrétt við þær kosningar við kosningarrétt á safnaðarfundi. Það dugir því að breyta efni 5. gr. l. 36/1907 að þessu leyti, og er ekki þörf á að breyta 1. gr. l. 32/1915 að formi til. Þá verður afleiðingin af samþykkt þessa frv. einnig sú, að kirkjubingsmenn þeir, er greinir í 5. gr. l. 43/1957, þurfa ekki að hafa óflekkað mannorð, en samkv. 15. gr. l. 43/1957 virðist óflekkað mannorð ekki vera kjörgengisskilyrði, að því er tekur til kirkjuráðsmanna.